

EYSTRAHORN

16.tbl. 41. árgangur

4.mái 2023

www.eystrahorn.is



Þakkir



Árni Sigurbergsson f. 5. 9. 1932 – d. 15.2.2023
Gísli Sigurbergsson f. 19.5.1934 – d. 11.3.2023
Arnbjörn Sigurbergsson f. 21.2.1936 – d. 15.2.2023
Svínafell í Nesjum Hornafirði.

Fjölskyldur og ástvinir þeirra bræðra þakka auðsýnda samúð og hlýju. Blessuð sé minning þeirra.

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hökkum til að sjá þig

Íþróttir: Instagram, Facebook

Jesús segir:
Ei nokkurn þyrstir þú komi hann
til mín og drekki
þú bjarta Jesús sem trar á mig
munu renna
Lok er lítið vatn

Helena Björnsdóttir, Lífandi Vatn - Hólmavík 27 - 8604730

Alþróttisþing 717 08

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Ágætu félagar

Nú fer að hægja á skipulagðri starfsemi hjá okkur. Við hvetjum ykkur til þess að hreyfa ykkur í góða veðrinu og nýta ykkur hina frábæru göngustíga hér allt um kring.



Svo er minigolfið komið í lag.

Takið með ykkur púttkylfur ef þið eigið og njótið þess að koma saman og hafa gaman



Bifreiðaskoðun á Höfn 8., 9. og 10. maí.

Tímappantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 5. maí.
Næsta skoðun 19., 20. og 21. júní.
Þegar vel er skoðað



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Skipulagsgátt

Skipulagsstofnun hefur nú tekið í gænið nýjan vef sem kölluð er skipulagsgátt og með henni er bætt til muna gegnsæi og aðgengi að upplýsingum um skipulagsmál og einstakar framkvæmdir. Vefslóðin er skipulagsgatt.is

Í skipulagsgáttinni verða birt gögn um skipulagsmál, umhverfismat og leyfisveitingar jafnóðum og þau verða til, auk umsagna og athugasemda frá opinberum umsagnaraðilum, almenningi og hagsmunaaðilum sem berast við kynningu framangreindra gagna.

Skipulagsgáttin er liður í þeirri þróun sem nú stendur yfir við að efla rafræna stjórnsýslu og stafræna þjónustu stofnana ríkisins.

Sveitarfélagið Hornafjörður er þegar byrjaður að nýta skipulagsgáttina og hafa fyrstu málin verið birt þar. Framvegis verða skipulagsmál eingöngu aðgengileg gegnum hana en þó verður áfram sett inn frétt á heimasíðu sveitarfélagsins sem vísar inná gáttina þegar ný mál eru í ferli.

Íbúar eru hvattir til að fylgjast með fundargerðum og skipulagsgáttinni til að fylgjast með hvað er að gerast í sveitarfélaginu á þessu sviði. Vakin er athygli á því að í gegnum skipulagsgáttina er hægt að vakta mál eftir svæðum og/eða tegund mála og fá sendan tölvupóst þegar ný mál eru sett inn í kerfið.

Umhverfis- og skipulagsstjóri



HÚSMÆÐRAORLOF 2023



Mynd/Hópmynd af konum í húsmæðraorlofi

Dagana 21.-23. apríl fórum við allmargar konur úr Hornafirði í lúxusferð til Vestmannaeyja. Þetta var svokallað húsmæðraorlof sem á sér langa sögu. Brunað var á nokkrum bílum uppúr klukkan átta á föstudagsmorgni og ekið sem leið liggur að Suðurvík þar sem var stoppað og borðaður hádegismatur. Við fórum þennan dag í dásemdardæðri sem lék við okkur allan daginn alla leið. Því næst var stoppað í Reynisfjöru þar sem margt var um manninn víðsvegar úr heiminum. Gaman hvað margir vilja heimsækja okkur og virðast kunna að meta landið okkar. Áfram var haldið í suðurátt og stefnan tekin í

Landeyjahöfn, en þaðan siglir Herjólfur til Vestmannaeyja. Létt var yfir hópnum og við hlökkuðum til að koma til Eyja. Siglingin var notaleg og tók aðeins um hálf tíma. Svo var komið á leiðarenda og þar tók Guðbjörg Jónsdóttir á móti okkur og vísaði veginn á hótelið okkar. Þegar aðeins hafði verið þústað var strolað í bæinn og við sinntum okkar erindum og var allsstaðar vel tekið. Um kvöldið var farið í pizzuhlaðborð og allir voru kátir. Næsta morgun eftir góðan morgunverð beið okkar rúta með leiðsögumanni, henni Ragnheiði. Hún sýndi okkur alla helstu staðina og kryddaði ferðina með góðum sögum af mönnum á málefnum. Við

fórum á byggðasafn Vestmannaeyinga, Sagnheima, og þar fengu að minnsta kosti sumar okkar hugmyndir fyrir væntanlegt byggðasafn okkar Hornfirðinga. Eldheimar voru næstir og upplifun er að koma þar. Sjón er sögu ríkari um þetta mikla gos í byggð árið 1973 sem breytti lífi margra. Að lokinni yfirferð þar var okkur boðið á efri hæðina og þar boðið uppá veitingar og hressan gítarleikara þar sem við tókum lagið og skemmtum okkur vel. Síðdegis var frjáls tími sem hver nýtti að eigin ósk. Kvöldverðurinn var á veitingahúsinu Einsa kalda og þar var stórveisla. Við fórum svo frá Eyjum um hádegi á sunnudeginum. Þá rigndi. Við vorum komnar stuttu seinna í land og ókum að Hótel Önnu þar sem við fengum hádegismat og þar var líka tekin hópmynd af okkur. Þessi ferð var yndi frá upphafi til enda. Við þökkum skipuleggjendum okkar þeim Sigurlaugu, Eyðísi og Steinvöru. Þær eiga heiður skilinn fyrir frábæra vinnu og útsjónarsemi. Svo ber sannarlega að þakka sveitarfélaginu fyrir að styrkja ferðina. Síðast en ekki sist þökkum við þeim konum sem sáu um aksturinn og komu öllum heilum heim.

Kærar þakkir fyrir okkur.

Fyrir hönd hópsins.
Guðrún Ingimundardóttir

Austurbraut 20 Sími: 662-8281

Útgefandi: Eystrahorn ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Netfang: arndis@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



**Ársfundur Nýheima þekkingarseturs
verður haldinn í Nýheimum
miðvikudaginn 10. maí kl. 15:00.**

Dagskrá:

1. Venjubundin ársfundarstörf.

2. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskólafélags

Suðurlands kynnrir Hreiðrið frumkvöðlasetur á Suðurlandi.

**Allir velkomnir og hvattir til að mæta.
Stjórn Nýheima þekkingarseturs**

SPURNING VIKUNNAR

Hver er síðasta bók sem þú gafst upp á að lesa?



Gísli Jóhannsson

Það var stór doðrantur sem ég man ekki hvað heitir.



Jóhanna Antonsdóttir

Stúlkan í skóginum, ég hef reynt við hana 3sinnum og ekki náð að klára



Ivan Kekic

Knjiga o Milutinu, serbísk bók



Filip Rovcanin

Homodeus, frekar leiðinleg



MÁLFRÍÐUR MALAR

Nei, nú er sko komið nóg og er bikar minn orðinn svo barmafullur að upp úr honum flæðir. Ég verð því að tjá mig aðeins um sormál sveitarfélagsins. Vegna „vitundarvakningar“ í sormálum í sveitarfélaginu á að bæta við okkur enn einu plastskrímslinu í innkeyrsluna eða upp við húsvegg öllum til ama og til lýtis við ásýnd fasteigna. Þarf ég virkilega að fara að rífa upp fallegu rósarunnana mína til að koma fyrir enn einni tunnunni? Mér er spurn hvort ég geti farið fram á leigu frá sveitarfélaginu fyrir plássið undir tunnurnar enda fer þetta að verða í það minnsta einn og hálfur fermetri af landi jafnvel tveir sem fer undir sorm við heimilið mitt! Maður þarf hreinlega meistaréttindi í sormflokkinum! Enn er verið að fækka um þá sormflokka sem mega fara í þessar tunnur og samt er verið að bæta við okkur tunnu! Nú þarf ég að fara aukaferðir í gámostöðina (á bílnum með uppsafnað

rusl því ekki fer ég margar ferðir á dag með dósirnar undan kattamatnum því ekki mega þær fara með í pappa eða plast ruslið. Einnig þarf ég að fara með plastflöskur sem innihalda olíu / fitu jafnvel mjólk, rjóma, súpur og sósur því nú segja sumir að ekki megi setja fljótandi fæðu í eldhúsvaskinn eða í wc-ið því það er ekki gott fyrir lagnirnar! Samt er okkur sagt að þrifa umbúðirnar utan af þessari fitu í eldhúsvaskinum. Ekki er gott að gera það með köldu vatni því það er ekki gott fyrir lagnakerfið og það er einnig ótækt að gera það með heitu vatni því það eru ekkert allir sem eru komnir með hitaveituna í hús. Síðast en ekki síst er verið að tala um „Borgað þegar hent er“ á næsta ári og þá á að rukka „tunnugjald“ í stað fastra sormgjalda. HALLÓ!! Þið dælið á okkur fleiri og fleiri tunnnum og svo þurfum við að borga tunnugjald?? Ég bað aldrei um allar þessar tunnur og mér dugir bara ein, er það ekki NÓG?

Málfríður

DANS Í SAMSTARFI VIÐ MENGUN

Laugardaginn næstkomandi klukkan þrjú verður verkið, Collaborative Contaminations, flutt af dansaranum Rósu Ómarsdóttur á Svavarssafni. Rósa hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín sem flutt hafa verið víða um Evrópu, sett upp verk í samstarfi með íslenska dansflokkinum og m.a. verið valin danshöfundur ársins á íslensku grímunni.

Verkið Collaborative Contaminations, sem mætti kannski þýða sem „Í samvinnu með mengun“ kannar Rósa hvernig vatn breytist þegar það kemst í tæri við mengandi efni. Hún veltir fyrir sér um leið hvort hægt sé að líta á mengun

sem tækifæri til samstarfs. Samkvæmt Snæbirmi Brynjarssyni safnverði á Svavarssafni mætti hugsanlega lýsa verkinu sem danssýningu þar sem aðaldansarinn er vatn. „Þetta er heillandi sýning með ótal litbrigðum, og það er engin tilviljun að ég bað Rósu um að koma núna, í loka sýningarmánuði Blámans hans Þorra því verk hennar Rósu finnst mér kalla skemmtilega á við myndverkin hans. Hérna kemur saman vatn, ís, hljóðverk og lýsing sem kallar fram litbrigði sem minna um margt á jökulinn og myndir Þorvarðar.“

Í Collaborative Contaminations birtist okkur töfrandi landslag í gegnum vatn,

hljóð og lýsingu, og upp á veggum kastast norðurljós, vetrarbrautir og ýmsar aðrar myndir, sem dansa í takt við hljóðheim vatns og íss.

Rósu til halds og trausts verður Hákon Pálsson kvikmyndatökumaður og ljósmyndari. Hann hefur starfað við ýmsa miðla, verið tilnefndur til Grímunnar fyrir ljósahönnun, en ljósmyndir hans hafa verið sýnd í galleríum víða um heim.

Hægt er að koma virða fyrir sér innsetninguna frá klukkan 12, laugardaginn sjötta maí, og upplifa sýninguna klukkan þrjú, á Svavarssafni. Ókeypis er inn á viðburðinn.

COLLABORATIVE CONTAMINATIONS

Rósa Ómarsdóttir & Hákon Pálsson

Næsta laugardag 6. maí

Hægt er að skoða innsetninguna frá klukkan 12

Sýning hefst klukkan þrjú

Komið og upplifið ískaldan og kröftugan gjörning

Ókeypis inn



SVAVARSSAFN
LISTASAFN - ART MUSEUM



mmh.hornafjordur.is



svavarssafn



@svavarssafn

FRÉTTIR AF FÓTBOLTANUM



Mynd eftir Gunnar Stíg Reynisson

Nú er sumarið vonandi alveg að detta inn, enda ekki seinna væna þar sem knattspyrnuvertíðin er að komast á fullt skrið.

Því miður þá búum við ekki svo vel að vera með nothæfan keppnisvöll hér heima á vorin þannig að við höfum verið að fara með heimaleiki okkar annað og alla leiki í Lengjubíkar höfum við keppt að heiman. Þetta er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsamt

fyrir deildina sem og iðkendur en með góðum stuðningi styrktaraðila okkar þá hefur þetta gengið upp og verður svo vonandi áfram.

Starfsemi knattspyrnudeildar er ansi viðamikil. Við erum með meistaraflokk karla og meistaraflokk kvenna ásamt því að við höldum úti öflugum starfi yngri flokka bæði í karla og kvenna flokkum frá 7. fl og upp í 3. fl auk þess sem við tókum

þátt í samstarfi við við Knattspyrnufélag Austfjarða og Neista Djúpavogi um 2. flokk karla en sú samsteypa nefnist KFA/Sindri/Neisti.

Hluti af rekstri okkar byggist á innkomu af leikjum og þar koma stuðningsmannakortin sterk inn. Þau verða send sem valgreiðsla í heimabankann á næstu dögum. Þetta árið verðum við með silfurkort sem mun kosta 15.000.- og innfalið í því er frítt kaffi á vellinum, miði á alla heimaleiki hjá mfl kvenna, mfl karla og 2. fl karla. Einnig verðum við með gullkort á 25.000.- en þau eru eins og silfurkortin nema að þau gilda fyrir tvo á völinn.

Við vonumst til þess að þið kæru stuðningsmenn takið vel á móti valgreiðslu fyrir silfurkort sem berst ykkur í heimabanka og látið okkur vita ef hún berst ykkur ekki eða ef þið viljið frekar gullkort – knattspyrna@umfsindri.is eða látið yfirrukkarann okkar hana Jóku vita þegar hún mætir með posann. Hún kemur þessu til skila.

Hlökkum til að sjá ykkur á Jökulfellsvellinum í sumar og fyrirfram þakkir fyrir stuðninginn!

Afram Sindri!

ORÐALEIT

BRÚÐHJÓN
OSTAKAKA
VERKALÝÐSBARÁTTA
MAÍ
LAXNES
HJÓLBARÐI
MALBIK
STIKA
EINHERJI
VALKYRJA
KAFFI
MÚMÍNÁLFUR





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Brykkjunnar 2022

Auglýst er eftir forstöðumanni í félagsmiðstöðina Brykkjuna í 100% starf frá og með ágúst n.k.

Ábyrgðar – og starfssvið:

- Skipuleggur starf félagsmiðstöðvarinnar Brykkjunnar í samvinnu við Brykkjuráð og verkefnastjóra fræðslu- og frístundasviðs.
- Starfar með börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni.
- Hefur samskipti við skóla, foreldra og félagasamtök vegna starfsemi félagsmiðstöðvar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni
- Sækir ráðstefnur/fundi er snerta starfsemi félagsmiðstöðva/ungmennahúsa.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ákveðinni festu, hafa góða skipulags- og stjórnunarhæfileika, vera liprir í mannlegum samskiptum og hafa hreina sakaskrá. Menntun í uppeldis- eða tólmundafærðum eða sambærilegu námi er kostur.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2023

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist á Emil Morávek tólmundafulltrúa á netfangið; emilmoravek@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 26. apríl 2023 að auglýsa eftirfarandi skipulagsáætlanir í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Kylluholts á Mýrum

Skipulagið tekur yfir 4 ha svæði innan jarðar Kylluholts. Afmarkaðar eru raðhúsaloðir fyrir nýbyggingar og afmörkuð lóð fyrir núverandi íbúðarhús á svæðinu.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnar – Sandbakkavegur

Svæðið sem breytingin nær yfir afmarkast af Sandbakkavegi í vestri, Litlubrú í norðri, Hafnarbraut í austri og núverandi íbúðarbyggð við Sandbakkaveg í suðri. Í tillögu að breytingu skipulagsins eru afmarkaðar þrjár lóðir sunnan Nettó fyrir fjölbýlishús á 2-3 hæðum.

Tillögurnar verða til sýnis frá 4. maí til 15. júní í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og eru einnig aðgengilegar gegnum nýjan vef Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunina á auglýsingatíma.

Eingöngu er tekið við athugasemdum á rafrænan hátt gegnum skipulagsgátt. Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum gegnum netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 26. apríl 2023 að auglýsa eftirfarandi skipulagslýsingar í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Leiðarhöfði á Höfn

Skipulagslýsingin tekur bæði til breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að stækka opið svæði og fella út íbúðarsvæði ÍB4 Höfði og í deiliskipulaginu verður nánari útfærsla svæðisins ákvörðuð. Markmiðið er að skapa skjólríkt og sólríkt útivistar- og samkomusvæði á þessum einstaka stað.

Íbúðarsvæði ÍB5 við Hafnarbraut á Höfn

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 26. apríl 2023 að auglýsa eftirfarandi skipulagslýsingar í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sett er fram lýsing fyrir breytingu aðalskipulags og gerð nýs deiliskipulags fyrir umræddan reit. Með skipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að auka við þéttleikann og stækka reitinn til austurs til þess að byggðin geti samræmst betur landslaginu og að landið nýttist vel.

Skipulagslýsingarnar verða aðgengilegar frá 1. maí til 15. maí í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og eru einnig birtar á nýjum vef Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja setja fram ábendingar er hér með gefinn kostur á að gera það ekki seinna en 15. maí.

Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt gegnum skipulagsgátt.

Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum gegnum netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Súrsætur kjúklingur og eftirrættur einföldu konunnar Eftir Margréti Ingólfssdóttur



Hráefni súrsætur kjúklingur

¾ dl smjör
1 ½ dl laukur
1 ½ dl paprika
½ dl gulrætur
2 dl tómatsósa
2 msk edik
1 msk sojasósa
3 msk púðursykur
½ hvítlauksduft
1 tsk salt
¼ pipar
¼ tsk engifer
1 dós miðstærð ananasbitar
1 stór kjúklingur hlutaður í 6-8 bita

Aðferð súrsætur kjúklingur

Bræða smjör á pönnu, mýkja lauk og grænmeti í ca 5 mín. Tómatósu, ediki, sojasósu, púðursykri og kryddi bætt á pönnuna, hitað að suðu. Því næst er ananas og safanum bætt út á og soðið í 1 til 2 mínútur.

Raðið kjúklingnum í form og hellið súrsætu sósunni yfir. Hyljið með loki eða álappír og bakið í ofni við 200 gr í 30 mín. Takið lokið eða pappírinn af og bakið áfram í 15 mín. Berið fram með hrísgrjónum og hvítlauksbrauði.

Ég sendi hér uppskrift sem má segja að ég hafi misnotað í upphafi hjúskapar, og börnin orðin frekar þreytt á. Ákvað að dusta rykið af henni og leyfa öðrum að njóta, þegar ég eldaði réttinn fyrir blaðið fannst mér tilefni til að bjóða börnunum í mat, og viti menn þetta var betri en þau minnti, enda góður réttur.

Eftirrættinn fengum við mæðgur þegar við fórum í enskuskóla í Brighton fyrir mörgum árum og hann bíð ég oft upp á.

Að lokum þá skora ég á tengdason minn Einar Smára Þorsteinsson, hann er mikill matmaður og galdrar fram miklar veislur.

Eftirrættur einföldu konunnar

Marengs (má baka hvíta marengs sem þið eigið uppskrift af eða finni á alnetinu eða kaupa í Nettó)
Jarðarber
Rjómi
Brjótið niður marengsinn
Skerið jarðarberin í bita
Setjið í skálar og bjóðið fram með óþeyttum rjóma.
Þetta bara getur ekki klikkað.

VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU.

